

Ársskýrsla Menntaskóla í tónlist 2017-2018

Kennsla hófst skv stundaskrá 24.ág. 2017. Við upphaf skólaárs voru skráðir nemendur við skólann 201 þar af 20 á stúdentsbraut. Hlutfall á milli klassískra og rytmískra nemenda var nánast jafnt. Einhver afföll urðu á skólaárinu og undir voru nemendur orðnir um 190. Kennarar voru 95 í rúmlega 34 stöðugildum Skólinn starfar á tveimur stöðum, klassíska deildin er í Skipholti og sú rytmíska í Rauðagerði. Skólameistari var ráðinn Kjartan Óskarsson. Aðstoðarskólameistarar voru þrír, hver um sig í 60% stöðuhlutfalli. Þórunn Guðmundsdóttir hafði umsjón með klassísku deildinni og Sigurður Flosason með þeirri rytmísku. Freyja Gunnlaugsdóttir sá um málefni sem varða báðar deildir, stúdentsbrautina og fleira í þeim dúr. Björn Árnason stýrði fjármálunum. Um áramót lét Þórunn af störfum við skólann að eigin ósk og var Sólrún Sumarliðadóttir ráðin í 50% starf sem áfangastjóri skólans og á vormánuðum kom Stefanía Ólafsdóttir einnig til starfa sem áfanga og námsstjóri, einnig í 50% starfi. Við skólann starfa einnig tveir ritarar í samtals 75% starfshlutfalli. Í upphafi starfsárs var haldinn starfsdagur og kennarafundur þar sem Ólafur Jónsson var kosinn fulltrúi kennara í stjórn skólans. Aðrir í stjórn eru Árni Heimir Ingólfsson formaður, Örnólfur Thorsson, sem voru tilnefndir af Tónlistarskólanum í Reykjavík og Anna Guðný Guðmundsdóttir og Gunnar Kvaran Hrafnsson tilnefnd af FÍH. Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði.

Á ofangreindum kennarafundi var skráningarkerfið INNA sem framhaldsskólarnir nota kynnt og síðan var rætt nokkuð ítarlega um prófafyrirkomulag, námsmat og einkunnagjöf við skólann, hverju þarf að breyta, hvað á að samræma á milli deilda og hvað ekki. Hvernig eiga lokapróf úr skólanum í hljóðfæraleik og söng að vera og margt fleira í þeim dúr. Fundurinn tókst mjög vel, líflegar og uppbyggilegar umræður og góður andi ríkti í kennarahópnum. Á þennan fund mættu 22 rytmískir og 26 klassískir kennarar. Í framhaldi var haldinn fundur með kennurum tónfræðagreina, og settur var saman vinnuhópur hljóðfæra- og söngkennara til að halda umræðu um prófa tilhögun áfram á þeim vettvangi. Þetta var níu manna hópur sem hélt alls fimm fundi þar sem fram fóru góðar og á stundum nokkuð beinskeyttar umræður. Hópurinn komst að niðurstöðu í þessum málum, unnið var úr henni og þær svo kynntar á kennarafundi í mars.

Starfið sl haust fór vel af stað, það var mikið líf í skólanum og virkni nemenda mikil. Á þessum vetri tóku nemendur skólans vel á annað hundrað stigs-, áfanga-og burtfararpróf. Haldnir voru rétt um áttatíu tónleikar innan húss og nærri sextíu opinberir tónleika utan skóla. Þar mest á próftónleikum en þeir voru 32 á skólaárinu.

Nokkra viðburði er rétt að nefna sérstaklega.

Þann 4. nóvember voru haldnir tónleikar fyrir fullu húsi í Neskirkju þar sem sinfóníuhljómsveit skólans kom fram undir stjórn Josefs Ognibene. Tveir nemendur skólans, þær Ingibjörg Linnet, trompetleikari og Laufey Lín Jónsdóttir fiðluleikari, léku einleik með hljómsveitinni, en þær sigruðu í samkeppni innan skólans sl vor. Hljómsveitin flutti svo eftir hlé sinfóníu Dvoraks frá Nýja heiminum. Þann 15. nóv voru haldnir í Gamlabíói tónleikar til heiðurs hljómsveitinni Todmobil í tilefni af 30 ára afmæli sveitarinnar. Þetta voru tónleikar á vegum rytmískrar söngdeildar skólans, þar sem fram kom sex manna(og kvenna) hljómsveit, fjölmargir söngvarar og 15 manna kammersveit. Vignir Stefánsson var tónlistarstjóri þessarar sýningar. Fjölsóttur atburður. 2. des hélt Stórsveit MÍT undir stjórn Snorra Sigurðarsonar tónleika í Hörpuhorninu í Hörpu, þar sem flutt var tónlist og útsetningar eftir Sammy Nestico. Jólatónleikar skólans fóru svo fram í Grensáskirkju þann 15 des þar sem flutt voru atriði úr báðum deildum

Af tónleikahaldi vorannar má nefna að þann 14.febrúar voru haldnir tangótónleikar í lðnó sem píanódeildin stóð að. Þarna léku nemendur deildarinnar suður ameríska tangóa, fjórhent og sexhent. Tveir klarínnettuleikarar og tveir söngvarar komu líka fram á þessum tónleikum og í lokin kom danspar og sýndi dans við undirleik tveggja píanópara. Hita og þunga af þessum bar Svana Víkingsdóttir, deildarstjóri píanódeildarinnar. Sinfóníuhljómsveit skólans hélt seinni tónleika starfsársns í Neskirkju laugardaginn 17.mars. Þar var frumflutt hljómsveitarverk eftir Hjalta Nordal, en hann lauk sl vor stúdentsprófi frá skólanum með tónsmíðar sem aðalnámsgrein. Á þessum tónleikum komu líka fram Þær Kristín Ýr Jónsdóttir flautuleikari og Sigrún Rut Lopez Jack mezzo-sópran en þær báru sigur úr bítum úr samkeppni sem haldin var í haust vegna þessara tónleika. Auk verks Hjalta Nordal flutti hljómsveitin svo verk eftir Mozart, Berlioz og Saint-Saëns. Josef Ognibene stjórnaði þessum frábæru tónleikum.

Þórunn Guðmundsdóttir setti á svið í lðnó þann 6.apríl enn eina óperu úr smíðju sinni, og sýningar urðu þrjár. Þessi ópera heitir „Fjóla, stjúpa, puntstrá

og prins“ og tókst hið besta. Rytmíska söngdeildin undir forystu Guðlaugar Drafnar Ólafsdóttur setti upp stórglæsilega söngsýningu til heiðurs Michael Jackson, sem hefði orðið sextugur nú í haust. Þessi sýning fór fram 19. og 20. apríl í salnum í Rauðagerði. Þar komu fram 11 söngvarar og 11 manna hljómsveit auk 15 dansara. Mikið fjör og troðfullt hús. Stórsveit MÍT hélt svo tónleika í Silfurbergi í Hörpu 12.maí sl. Þar var flutt Íslensk stórsveitartónlist undir styrkri stjórn Snorra Sigurðarsonar. Erfið efnisskrá flutt af miklum metnaði og ákafa!

Við höfum á liðnu skólaári lagt í nokkra vinnu við að móta hugmyndir að nýjum námskeiðum innan skólans. Einnig er í umræðu og vinnslu að koma á fót nýrri námsbraut í popptónlist innan skólans þar sem auk hljóðfæraleiks og söngs væri lögð áhersla á aðrar greinar sem tengjast tónlistarlífinu hér svo sem upptökustjórn, raftónlist, viðburðastjórnun og öðru því sem nauðsynlegt er að kunna skil á í þessum nýja heimi sem við erum komin inn í. Á þeim vettvangi eru mörg sóknarfæri og svona braut myndi eflaust laða marga nemendur að skólanum.

Margir góðir gestir, erlendir sem og innlendir hafa á þessum vetri sótt skólann heim og haldið hér námskeið og fyrirlestra. Við erum þakklát fyrir þessar heimsóknir og metum þær mikils. Þær tengja okkur við umheiminn og opna okkur sýn á ýmislegt nýtt og annað sem betur mætti fara, en færa okkur líka oftar en ekki heim sanninn um það að við erum oftar en ekki á réttri braut.

Nemendafélag hefur starfað við skólann í vetur. Nemendur stóðu fyrir ýmsum atburðum svo sem reglulegum „Jam sessionum“ og óperukvöldum. Einnig tóku nemendur skólans þátt í „Gettu betur“ og „Söngkeppni framhaldsskólanna.“

Á árinu keypti skólinn fimm nýja flygla. Einn Bösendorfer að vísu tuttugu ára gamlan en mjög lítið notaðan, einn nýjan Steiway B model og þrjú nýja Yamaha flygla.

Nokkuð hefur verið unnið í að finna skólanum húsnæði þar sem báðar deildir væru undir sama þaki. Húsrýmisáætlun hefur verið gerð og hugmyndir um hvernig ný skólabýgging gæti litið út rissaðar upp. Viðræður við ráðamenn ríkis og borgar hafa enn til þessa ekki skilað neinum ákveðnum árangri. Áfram verður haldið í þessari vinnu.

Inntökuþróf fóru fram fyrstu helgina í maí. Aðsókn er góð og ljóst að skólinn verður fullskipaður í haust. Nýjar umsóknir á stúdentsbrautina eru eitthvað um 15 en alls sóttu nærri 70 nemendur um skólavist.

Útskriftarathöfn var haldin 31.maí 2018 í Veröld húsi Vigdísar. Þar voru flutt mjög fjölbreytt tónlistaratriði af nokkrum útskriftarnemum skólans.

Á fyrsta starfsári skólans, luku tveir nemendur stúdentsprófi frá skólanum. Sautján luku burtfararprófi og fjórtán fullgildu framhaldsprófi. Þetta er um 15% af nemendafjölda. Á öðru starfsári stefnir í að minnsta kosti sama fjölda.